

IX. KAFLI

Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

40. gr.

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfjafræði lyfsala (pharmacia), og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

X. KAFLI

41. gr.

Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, unz ný ákvæði eru sett.

Gjört í Reykjavík, 19. ágúst 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

21. ágúst 1970.

Nr. 85.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að nefnd, sem unnið hafi að samningu reglugerðar um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, hafi lagt til, að þjóðfélagsfræðanámið verði sjálfstæð námsbraut við Háskólann, reist á samstarfi milli háskóladeilda, bæði að því er varðar kennslu og og yfirstjórn.

Slíkri tilhögun verði hins vegar ekki við komið að óbreyttum lögum, og beri því brýna nauðsyn til að gera breytingu á lögum um Háskóla Íslands, er kveði á um þessa námsskipan. Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

41. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við þjóðfélagsfræðanámsbrautina, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósentar og lektora, og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 5. júní 1970 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

42. gr. b. hljóði þannig:

Aðgang að 1. árs námi í læknadeild hafa þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenska menntaskóla eða öðru tilsvarende prófi.

Sé fjöldi stúdenta, sem stenz 1. árs próf, meiri en svo að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, getur deildin takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Jafnan skal þó a. m. k. 24 stúdentum veittur kostur á að halda áfram námi. Skal ákvörðunin hverju sinni tilkynnt fyrir upphaf þess misseris, er prófið er haldið. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur 1. árs prófs eftir nánari ákvörðun deildarinnar.

Þeir stúdentar, sem standast 1. árs próf, en eiga ekki kost á að halda áfram námi, svo og þeir, sem standast ekki próf, mega endurtaka prófin næsta ár, og keppa þá við nýstúdentar á jafnréttisgrundvelli.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. júní 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.